

Menningar,- íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæjar (MÍT), hér eftir nefnt verkkaupi og **Skákfélag Reykjanesbæjar,** hér eftir nefnt verksali gera með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG

um kynningu á skákinni í Reykjanesbæ veturinn 2006 - 2007

1. Skákfélag Reykjanesbæjar tekur að sér að halda tvær kynningar á skáklistinni veturinn 2006 - 2007 fyrir alla áhugasama bæjarbúa. Félagið sér um að standa fyrir a.m.k. tveimur skákmótum yfir veturinn og að sjá um öll samskipti við önnur félög varðandi skákviðburði í bæjarfélaginu.
2. Skákfélagið sér um að auglýsa ofangreindar kynningar og mót.
3. Skákfélagið skilar inn skýrslu til MÍT eigi síðar en 01.05.2007 um hvernig staðið var að kynningunum, hver þátttakan var og hvað kom út úr fyrrgreindum kynningum.
4. MÍT greiðir Skákfélagi Reykjanesbæjar **kr. 150.000** (hundrað og fimmtíu þúsund krónur), sem greiðist þannig að kr. 100.000 greiðast við undirritun samningsins og kr. 50.000 greiðast þegar skýrsla verksala hefur borist.
5. Samkomulagið gildir til 31.05.2007.
6. Samkomulag þetta er heimilt að endurskoða hvenær sem er á gildistímanum, ef annar hvor aðila óskar þess.
7. Af samkomulagi þessu eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum aðila.

Reykjanesbæ _____2006.

F.h. MÍT

F.h. Skákfélags Reykjanesbæjar
